



Forseti Alþingis,
Steingrímur J. Sigfússon

Alþingi, 27. maí 2020

Vegna könnunar á vinnustaðamenningu Alþingis

Niðurstöður könnunar á starfsumhverfi og vinnustaðamenningu Alþingis eru sláandi og kalla á afgerandi viðbrögð af hálfu forseta Alþingis. Könnunin sýnir að óásættanlegur fjöldi þingmanna, starfsfólks Alþingis og starfsfólks þingflokkar hefur upplifað einelti og kynferðislegt eða kynbundið áreiti í starfi sínu. Þessi staða er ekki eingöngu óboðleg þeim einstaklingum sem um ræðir, heldur svertir ímynd Alþingis og hefur hamlandi áhrif á getu og vilja fólks til þess að starfa á vettvangi stjórnmálanna. Það síðastnefnda er alvarleg aðför að lýðræðinu.

Fram hefur komið að jafnréttisnefnd Alþingis er ætlað að ræða eftirfylgni könnunarinnar. Af hálfu Viðreisnar vil ég leggja áherslu á að þeirri vinnu sé hraðað eins og kostur er. Jafnframt sé þess gætt að eiga samstarf við þá flokka sem sæti eiga á Alþingi um nauðsynlegar breytingar á vinnuaðstæðum og vinnustaðamenningu. Endurskoðun á þingskaparlögum hlýtur að vera undir í þeirri vinnu.

Til viðbótar við það að bæta starfsumhverfi á Alþingi til frambúðar, er mikilvægt að koma strax til móts við þá sem nú upplifa einelti eða áreiti í starfi sínu. Af því tilefni má nefna að Viðreisn samdi fyrir ári við Hagvang um að taka í notkun þjónustu Siðferðisgáttarinnar fyrir skráða félaga og starfsfólk Viðreisnar. Siðferðisgáttin er vettvangur til að koma á framfæri kvörtunum eða ábendingum um einelti, áreiti, ofbeldi eða vanlíðan í starfi til óháðs aðila sem kemur þeim í réttan farveg. Reynslan af þessum stuðningi er jákvæð og ekki úr vegin að jafnréttisnefnd Alþingis skoði svipaða nálgun.

Að lokum lýsi ég yfir eindregnum vilja Viðreisnar til að aðstoða við þá umbótavinnu sem fram undan er, um leið og ég áréttu þá skoðun okkar að brýnt sé að þeirri vinnu sé hraðað eins og hægt er.

Virðingarfyllst,

Hanna Katrín Friðriksson

Hanna Katrín Friðriksson,
Formaður þingflokkas Viðreisnar

Afrit sent til jafnréttisnefndar Alþingis